

Ungmennasambandið Úlfljótur

90. ársþing



Haldið á Fosshótel Vatnajökli
23. mars 2023

Stjórn USÚ 2022

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Jón Guðni Sigurðsson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, varamaður

Hannes Halldórsson, varamaður

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Þóra Björg Gísladóttir (fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð).

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Gísli Már Vilhjálmsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Kraftlyftingadeild
- Körfuknattleiksdeild
- Rafíþróttadeild
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Halldóra K. Guðmundsdóttir

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Ungmennafélagið Vísir

formaður: Bjarni Malmquist Jónsson

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Klifurfélag Öræfa

formaður: Íris Ragnarsdóttir Pedersen

Ungmennafélagin Hvöt og Valur eru ekki starfandi

Dagskrá 90. ársþings USÚ

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning þingritara
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
7. Álit kjörbréfanefndar
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra
9. Útnefning íþróttamanns ársins 2022 og veiting hvatningarverðlauna
10. Kynning á vinnu við framtíðarskipulag íþróttahéraða, samskiptaáætlun o.fl.
11. Ávörp gesta
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
13. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum
14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar

Þinghlé

15. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu
16. Kosningar
 - a. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - d. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara.
17. Önnur mál
18. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar
19. Þingslit

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2022

89. ársþing USÚ var haldið í Golfskálanum á Höfn 7. apríl 2022. Þingið var vel sótt, en alls mættu 38 fulltrúar af þeim 51 sem rétt áttu á þingsetu. Öll virk félög, nema eitt, sendu fulltrúa á þingið. Veitt voru hvatningarverðlaun til ungra og efnilegra iðkenda og voru það þau Anna Lára Grétarsdóttir, Birgir Leo Halldórsson, Erlendur Björgvinsson, Guðmundur Reynir Friðriksson, Heiðís Elva Stefánsdóttir og Tómas Orri Hjálmarsson sem fengu verðlaunin að þessu sinni. Halldór Sævar Birgisson golfari var kjörinn íþróttamaður ársins. Andri Stefánsson framkvæmdarstjóri ÍSÍ var gestur á þinginu og veitti hann Björgvini Erlendssyni silfurmerki ÍSÍ fyrir góð og mikilvæg störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Einnig veitti hann Golfklúbbi Hornafjarðar viðurkenninguna fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Stjórn USÚ hélt óbreytt frá fyrra ári og hóf strax störf eftir þingið. Stuttu fyrir þing brugðu formaður og gjaldkeri sér þó til Noregs, nánar tiltekið til Óslóar með góðum hópi ungmennafélaga frá aðildarfélögum UMFÍ. Markmið ferðarinnar var að heimsækja íþróttahéraðið Viken sem er fjölmennasta íþróttahérað Noregs. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og komu formaður og gjaldkeri heim með fullan bakpoka af tólum og tækjum sem við getum hæglega nýtt okkur hér í okkar íþróttahéraði. Að fara í ferð sem þessa styrkir líka enn frekar tengslanetið innan íþróttahreyfingarinnar. Formaður og gjaldkeri skiptu um hlutverk í ferðinni og fór gjaldkeri, sem situr einnig í stjórn UMFÍ, sem fulltrúi USÚ og formaður sem fulltrúi UMFÍ þar sem hún situr í vinnuhópi innan UMFÍ varðandi framtíð íþróttahéraða á Íslandi. Stjórnin mætti á aðalfund Ungmennafélagsins Vísis þann 15 apríl. Það voru gleðitíðindi að félagið skildi endurvakið og mun það verða samfélaginu í Suðursveit til góðs. Vorfundur UMFÍ var haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði 30. apríl og sat formaður fundinn. Í maí hóf formaður vinnu við gerð íþróttastefnu fyrir íþróttahéraðið í heild sinni. Minna fór fyrir vinnunni á haustmánuðum en áætlað var, en ætlunin er að öll aðildarfélög komi að gerð stefnunnar og í framhaldinu sveitarfélagið og þannig séum við með heildræna íþróttastefnu sem allir ættu að geta unnið eftir og leitað í. Þann 28. maí hélt USÚ upp á 90 ára afmælið sitt. Veðrið lék við okkur og voru viðburðir fyrir almenning á vegum aðildarfélaganna þétt yfir daginn, þar má nefna götu zumba, hestaferðir fyrir börnin, street ball keppni, blak, stígvélakast og pokahlaup. Um kvöldið bauð USÚ til hátíðarkvöldverðar fyrir stjórnir aðildarfélaganna. Dagurinn heppnaðist vel í alla staði og það var frábært að sjá bæjarbúa koma saman og eiga góðan dag undir nafni USÚ. Þann 15. október var sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í Nýheimum. Sambandsráðsfundur er æðsta vald í málefnum innan UMFÍ á milli sambandsþinga. Á fundinn mættu rúmlega fjörutíu formenn og

eða varaformenn sambandsaðila, ásamt stjórn, varastjórn og starfsfólki UMFÍ. Meðal þess sem rætt var um var fækkun íþróttahéraða og var fyrsta tillaga að breyttu starfsumhverfi íþróttahéraða kynnt. Formaður USÚ var skipaður fundarstjóri og gjaldkeri fundarritari. Mikil ánægja var með fundinn og umgjörðina í kringum hann. Sambandsráðsfundur og þing UMFÍ höfðu ekki farið fram á sambandssvæði USÚ frá árinu 1990 og var því einstaklega gaman að taka á móti hópnum. Í lok nóvember sat formaður, ásamt framkvæmdastjóra Sindra, formannafund ÍSÍ, sem að þessu sinni var haldinn í Fákshéimilinu í Víðidal. USÚ veitti styrki á árinu úr bæði Styrktar og afrekssjóði og úr aðalsjóði. Að styðja við starfið innan okkar félaga er okkur mikilvægt og höfum við reynt að hafa það að leiðarljósi að styrkirnir nýtist grasrótinni og félögunum eða iðkendunum best. Ég vil ítreka mikilvægi og þakka fyrir framlag sveitarfélagsins í Styrktar og afrekssjóðinn því með aðkomu þess getum við veitt styrki sem virkilega skipta máli.

Í blálökin viljum við minna á heimasíðu okkar usu.is þar sem hægt er að finna lög og reglur sambandsins, upplýsingar um styrktarumsóknir og annan fróðleik. Einnig er mikið af upplýsingum á heimasíðum ÍSÍ og UMFÍ sem nýst geta ykkur í ykkar vinnu. Við viljum einnig þakka ykkur öllum fyrir allt ykkar óeigingjarna starf í þágu ykkar félaga. Við þreytumst ekki á því að segja hversu stolt við erum af öllu því starfi sem unnið er í íþróttahéraðinu okkar. Það er ótrúlegt að í ekki stærra íþróttahéraði, hvað íbúafjölda varðar, skuli vera níu virk aðildarfélög og það er ekki annað hægt að segja en að það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Þær eru ófáar sjálfbóðaliðahendurnar sem gera þetta allt mögulegt og þið eigið mikið hrós skilið fyrir þann metnað sem býr í héraðinu. Um leið og við bjóðum ykkur velkomin hingað á 90. ársþing USÚ minnum við á að saman erum við öflugri.

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2022

Á árinu 2022 var tvisvar sinnum úthlutað úr sjóðnum.

Þessi hlutu styrki í fyrri úthlutun, 27. júní, samtals 1.025.000 kr.:

Birgir Leó Halldórsson vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik,

Æfingafærð 3. flokks Sindra í knattspyrnu,

Kristófer Hernandez vegna skólavistar í bandarískum háskóla,

Helga Árnadóttir vegna þjálfaranámskeiðs í hlaupum,
Tómas Orri Hjálmarsson vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik,
Erlendur Björgvinsson vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik og
Klifurfélag Öræfa vegna klettklifurs- og leikjanámskeiðs á Hnappavöllum.

Þessi hlutu styrki í síðari úthlutun, 19. desember, samtals 325.000 kr.:

Birgir Leó Halldórsson vegna landsliðsverkefna í körfuknattleik,
Kristín Magdalena Barboza vegna landsliðsverkefna í knattspyrnu og
Körfuknattleiksdeild Sindra vegna æfingabúðanna „Sindri buckets“.

Ársreikningur USÚ 2022

	2022	2021
Rekstrartekjur		
Lottó	10.773.648	9.284.875
Getraunir	504.521	460.863
Aðrar tekjur	110.000	22.000
Rekstrartekjur alls	11.388.169	9.767.738

1)

2) 3)

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarfélaga	7.043.401	8.448.806
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	440.213	528.051
Auglýsingar og heimasíða	67.104	38.134
Verðlaun	41.789	0
Ferða- og fundakostnaður	272.116	83.180
Styrkir	858.000	1.000.000
Annar mótakostnaður	100.939	22.000
Annað	62.880	0
Rekstrargjöld alls	8.886.442	10.120.171

4)

5)

2)

6)

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	2.501.727	-352.433
---	------------------	-----------------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	100.923	12.756
Fjármagnstekjuskattur	-22.203	-2.806
Fjármagnsliðir alls	78.720	9.950

Hagnaður/Tap	2.580.447	-342.483
---------------------	------------------	-----------------

Efnahagsreikningur 31.12.2022

Eignir		
Bankainnistæður	10.106.687	7.526.240
Eignir alls	10.106.687	7.526.240

Eigið fé	6.172.881	5.167.953
-----------------	------------------	------------------

Skuldir		
Ógreitt lottó til aðildarfélaga v. áramót	3.933.806	2.358.287
Ógreiddir reikningar	0	0
Skuldir alls	3.933.806	2.358.287

Skuldir og eigið fé 31.12.2022	10.106.687	7.526.240
---------------------------------------	-------------------	------------------

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2022

	2022	2021
Rekstrartekjur		
Lottó	440.213	528.051
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	0	560.000
Aðrir styrkir	0	0
Rekstrartekjur alls	440.213	1.088.051

7)

Rekstrargjöld		
Styrkir	1.350.000	350.000
Rekstrargjöld alls	1.350.000	350.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-909.787	738.051
----------------------------------	----------	---------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	174.161	26.478
Fjármagnstekjuskattur	-38.315	-5.825
Fjármagnsliðir alls	135.846	20.653

Hagnaður/Tap	-773.941	758.704
--------------	----------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2022

Eignir		
Styrktar- og afrekssjóður	5.890.995	6.664.936
Eignir alls	5.890.995	6.664.936

Eigið fé	5.890.995	6.664.936
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2022	5.890.995	6.664.936
---------------------------------------	------------------	------------------

Skýringar

- 1) Hlutur USÚ í getraunastarfsemi í héraðinu. Samkvæmt 3. efnisgrein 7. gr. laga um getraunir, nr. 59/1972, fær stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.
- 2) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þáttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 3) Leiga á USÚ tjaldi.
- 4) Kostnaður við USÚ þing 2022, Noregsferð og þá fundi sem USÚ er skylt að mæta á. 2021 var nær enginn kostnaður við USÚ þing, enda ekki boðið upp á veitingar.
- 5) Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra fékk styrk upp á 250.000 kr. árið 2022 og 1.000.000 kr. árið 2021. Þá styrkti USÚ Golfklúbb Hornafjarðar um 400.000 kr. og Aðalstjórn Sindra um 200.000 kr. vegna útgáfu Sögu Sindra.
- 6) Kostnaður við afmælishátíð o.fl.
- 7) Framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 440.000 kr. var greitt 2. janúar 2023 og reiknast því með á næsta ársreikningi.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSí, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttu og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSí og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda félaga. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda félaga. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
 - Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
 - Kosning fulltrúa á Íþróttaping (ÍSí þing).
 - Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins til vara, sem starfa skulu fram að lokum næsta ársþings.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaping:

Aukaping má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarféлага óskar þess. Tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Kjör stjórnar og hlutverk kjörnefndar:

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um menn í stjórn og varastjórn. Framboðum til stjórnar og varastjórnar skal skila til kjörnefndarinnar tveimur vikum fyrir ársþing. Auglýst skal eftir framboðum með fyrra þingboði. Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundur skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14.gr.

Sambandið og aðildarfélag þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

Lögum þessum var síðast breytt á 87. ársþingi USÚ, 2. júní 2020.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirska afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandsvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

1. grein – Skipting tekna

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Örnefa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

2. grein – Skilyrði fyrir úthlutun

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að félag geti fengið úthlutað lottói:

1. Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, til ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
2. Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til USÚ fyrir ársþing USÚ hvert ár.
3. Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á á ársþing USÚ.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið. Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög samkvæmt 1. gr.

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Reglum þessum má einungis breyta á ársþingi með 2/3 hluta greiddra atkvæða

Þessari reglugerð var síðast breytt á 89. ársþingi USÚ, 7. apríl 2022.

Starfskýrslur aðildarfélaga

Skýrsla aðalstjórnar Ungmennafélagsins Sindra

Kæru félagar, árið 2022 var að mörgu leyti sérstakt og kostnaðarsamt ár fyrir félagið en fyrsta verk nýrrar stjórnar var að fara í framkvæmdastjóraskipti. Við vorum heppin með umsækjendum sem voru með reynslu héðan og þaðan og var Margrét okkar Kristinsdóttir ráðin sem nýr framkvæmdastjóri og hóf hún störf 1. júní 2022. Þökkum við fráfarandi framkvæmdastjóra Lárusi Pál Pálssyni fyrir hans störf fyrir félagið sem og Jóhanni Bergi Kiesel sem brúaði bilið milli skiptanna.

Ný stjórn hefur fundað stíft allt starfsárið og hefur meginþunginn verið á fjármál deilda og aðalstjórnar en ljóst var að sú síðarnefnda var nánast að verða ógjaldfær. Við sjáum þó til sólar og erum vongóð að eftir nokkra mánuði ættum við að vera komin fyrir horn.

Starfið í félaginu hefur verið með miklum blóma og kappið mikið, rétt eins og undanfarin ár. Okkar stærstu deildir gerðu gott mót á árinu og fór meistaraflokkur karla í knattspyrnu upp um deild og var meistaraflokkur karla í körfubolta að narta í efstu deildina en tókst því miður ekki að fara upp að þessu sinni.

Körfuknattleiksdeildin skipti upp bókhaldi og rekstri meistaraflokka og yngri flokka, jafnframt sem yngri flokkaráði var komið á sem var frábært skref og í takt við vöxt deildarinnar. Talandi um þessar tvær deildir þá hafa fjármálin verið krefjandi verkefni hjá þeim og ekki gengið sem skildi á þeim vettvangi á síðast liðnum árum. Í dag finnst mér við vera að stefna í rétta átt og höfum við í framkvæmdastjórn beitt því eina verkfæri sem við höfum til að vita hvernig hlutirnir ganga og eiga að ganga og í hvað stefnir en það er með því að fá rekstraráætlanir frá öllum deildum til að fylgjast með gangi mála líkt og lög félagsins gera ráð fyrir. Samfélagið er að breytast og hafa ýmis erfið mál í takt við það komið upp á árinu sem reynt hafa á reglur og lög félagsins. Verkferlar og afstaða hafa verið mótaðar en einnig munum við leggja til breytingar á lögum félagsins sem einfaldar vinnuferla innan félagsins. Eitt af því er að á formannafundi var ákveðið að allir leikmenn afrekshópa okkar skulu skila inn sakavottorði þó svo ekki sé gerð slík krafa af hálfu Íþróttahreyfingarinnar.

Enn það eru fleiri deildir í félaginu og er rafíþróttadeildin komin aftur af stað og gaman er að sjá kraftinn og þann mikla vöxt og hafa þau verið að fá styrki til tækjakaupa frá hinu ýmsu fyrirtækjum og er ekkert að vanbúnaði að fara á fulla ferð og stefna á Íslandsmeistaratitil.

Badminton fer einnig vaxandi með fleiri iðkendur og eru nú að fara af stað með fjölskyldutímum og þannig að efla almenna lýðheilsu innan félagsins. Á það einnig við hjá Frjálsíþróttadeildinni er hlaupahópur Hornafjarðar er þar öflug eining. Þá hafa yngri iðkendur í frjálsum og sundi einnig verið að fjölga sér jafnt og þétt.

Sama má segja um kvennablakið sem er á góðri siglingu en aðrir flokkar innan deildarinnar eiga á brattan að sækja sem og fimleikarnir sem eru enn án yfirþjálfara en erfitt hefur reynst að fá hæfa umsækjendum til starfsins. Þá eru fimleikarnir en með aðstöðu inn í Mánagarði en var sú ráðstöfun gerð til bráðabirgða og síðan eru liðin þó nokkur ár.

Í lok árs kom svo út Saga Sindra eftir margra ára undirbúning og eðlilega var haldið uppá það með pomp og prakt í félagsheimili okkar, Heklu. Bókin er skrifuð frá stofnun félagsins 1934 og til 1966. Arnþór Gunnarsson ritaði söguna og bókaútgáfan Hólar sá um útgáfuna og var kostnaður við bókina hátt í 5 milljónir en búið var að safna mestu fénu á undanförunum árum til að standa að kostnaði. Meðal annars var bókin seld í forsölu árið 1995 og var kaupendum afhent eintak með góðum viðtökum. Bókin fær

góða dóma og er það mikið stolt og gleði að gefa út svona rit til að halda uppi heiðri stofnendum félagsins og þeim frumkvöðlum sem stóðu að starfi félagsins á þessum árum. Verkefnið heldur áfram og er söfnun styrkja hafin til að byrja undirbúning á næstu bók.

Annað mikilvægt en þungt mál fyrir félagið eru bílarnir sem við starfrækjum. Þeir voru nýttir mikið á árinu ekki síður vegna aukinna ferða knattspyrnudeildarinnar vegna lengingar keppnistímabils KSÍ. Við eigum tvo bíla og hafa þeir verið að stríða okkur með því að bíla aðeins of oft. Reksturinn á þessari þjónustu sem við bjóðum iðkendum okkar, kostaði okkur hátt í 2 milljónir á síðast liðnu ári og með því töldu eru bílaleigubílar sem félagið þurfti að leigja þegar okkar bílar voru bilaðar, en tekið skal fram að það upphæðin er án eldsneytis og afskrifta á bílunum.

Allt okkar starf þrífst á okkar frábæru sjálfbóðaliðum og styrktaraðilum og langar okkur að þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg, bæði stórir sem smáir. Afraksturinn sjáum við í börnunum og afreksfólkinu okkar en á síðasta ári eignuðumst við unglingalandsliðsfólk í bæði körfubolta og knattspyrnu og er það eitthvað sem við erum einkar stolt af.

Framtíðin er björt og ekki síst vegna þeirrar vinnu sem er í gangi innan félagsins en einnig með þeirri endurskipulagsvinnu sem á sér stað á öllum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins og er það von okkar að forgangsroðun verði gerð í samstarfi með okkur sem notum þessi mannvirki sem mest. Sveitarfélagið hefur staðið þétt við bakið á okkar félagi og er það von og trú okkar að það góða samstarf muni halda áfram og eflast ef eitthvað er.

Fh. Aðalstjórnar UMF. Sindra.

Gísli Már Vilhjálmsson, formaður.

Skýrsla húsnæðisnefndar Sindra 2022

Kæru félagsmenn

Það kemur alltaf betur í ljós hvað það er dýrmætt fyrir félagið okkar að eiga almennilegt félagsheimili eins og Heklu. Nýting á húsinu hefur verið vaxandi allt árið og var gistihlutinn ágætlega nýttur í byrjun árs en svo 100% undir lokin og eftirspurnin meiri en framboð. Þar fáum við tekjur til að reka húsið og safna smátt og smátt í varasjóð eða svokallaðan viðhaldssjóð.

Það hefur verið nefnt að þegar farið verður í framkvæmdir á íþróttamannvirkjum í Sveitarfélaginu sem tengjast okkar rekstri, að þá séum við tilbúin til umræðu að flytja félagsheimilið inn á það íþróttasvæði sem myndi ramma inn það mikla íþróttastarf sem á sér stað í sveitarfélaginu okkar.

Með því að eiga okkar eigið húsnæði er einnig ákall á viðhald á ýmsum sviðum og eru verkefnin þar ýmis líkt og að stoppa leka sem hefur verið að hrjá okkur, það þarf að gera við þakkant, jafnvel koma upp hitaveituofnum, möguleikar á að breyta bílskúr í íbúð og svo margt fleira.

Við erum þakklát fyrir þennan máttarstólpa sem húsið veitir okkur, við erum þakklát fyrir Heklu!

Fh. Húsnæðisnefndar

Gísli Már Vilhjálmsson

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Síðasta keppnisár hófst í febrúar með lengjubikarnum hjá mfl kk. Lengjubíkar kvk hófst í byrjun mars sem og Íslandsmót 3.fl kk og kvk. Þar sem aðstaða til keppni í knattspyrnu er ekki til staðar svo snemma

Þá þurftum við að spila alla leiki á útivelli með tilheyrandi kostnaði við leigu á völlum, reddingu á dómurum að ótöldu ferðalagi sem mér telst til að hafi verið 9 heimaleikir, spilaðir á öðrum völlum. Íslandsmótið hófst svo í byrjun maí hjá flestum flokkum og síðustu leikir voru spilaðir í lok september.

Við fórum í samstarf með Mána og vorum þar með lið í 4.deild kk. Þrátt fyrir að staðan í deildinni væri ekki okkur í hag þá fengu ungir strákar að stíga sín fyrstu skref með meistara flokki og eru þeir núna að uppskera og æfa með meistaraflokki. Eldri kempur drógu einnig fram skóna og sýndu að þeir hafa engu gleymt, eða a.m.k. var keppnisskapið á sýnum stað þrátt fyrir að fæturnir hreyfðust hægar en hugurinn vildi.

Knattspyrnudeildin tók að sér að hafa veg og vanda af Humarhátíðinni. Meðal þess sem boðið var upp á var Humarsúpa út um allan bæ, frír tónleikar með hornfirsku tónlistarfólki í íþróttahúsinu á föstudagskvöldinu, hoppukastalar, Bylgjulestin, þrír knattspyrnuleikir svo eitthvað sé nefnt.

Humarhátíðarballið er okkar stærsta fjáröflun og loksins gátum við slegið upp balli. Hljómsveitin Parket sem hvert einasta mannsbarn í sýslunni þekkir (eða ætti a.m.k. að þekkja) rifu upp hljóðfærin eftir nokkurra ára hlé og spiluðu fyrir því albesta balli sem haldið var þetta sumarið.

Eins og venjulega þá skiptast á skin og skúrir á fótboltavellinum en það gladdi Sindrahjörtun þegar strákarnir okkar hófu bikarinn á loft að loknum síðasta leik sumarsins, komnir upp í aðra deild. Hjá stelpunum var spiluð einföld umferð og efri 6 liðin spiluðu svo innbyrðis og neðri 6 liðin líka. Það munaði ekki miklu á að okkar stelpur næðu í efri riðilinn en þar vantaði herslumuninn. Þær kepptu því í neðri deildinni og enduðu þar í þriðja sæti sem verður að teljast gott þar sem hluti af liðinu var farinn burt í skóla.

Að lokum þá verð ég að minnast á aðstöðuna eða öllu heldur aðstöðuleysið til knattspyrnuíðkunar. Ef það rignir þá fer völlurinn á flot því hann drenar ekkert. Grasið er ónýtt og æfingasvæðið er það einnig. Vallarskúririnn (sem knattspyrnudeildin á sjálf) lekur og sjoppuskúririnn (sem við eigum líka) er orðinn þreyttur og lúinn og það þarf sérstaka lagni til þess að opna hann. Þar sem bæði völlurinn og æfingasvæðið eru ónýtt og það þarf að útbúa nýtt þá sjáum við ekki annað en að það verði að leggja gervigras á völlinn. Keppnistímabilið er að lengjast hjá öllum flokkum og með því að leggja gervigras á völlinn þá getum við spilað okkar heimaleiki hér heima og losnað við þessi óþarfa ferðalög.

Fyrir hönd stjórnar,

Arna Ósk Harðardóttir, formaður.

Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

Starfsemi og stjórn

Starfsemi yngri flokka var með hefðbundnu sniði á árinu 2022. Stjórnina skipuðu Ingólfur Reynisson sem er formaður, Eva Birgisdóttir gjaldkeri, Bergþóra Ágústsdóttir ritari og Guðrún Ása Jóhannsdóttir meðstjórnandi.

Þjálfaramál

Knattspyrnudeildin hefur verið mjög lánsöm með þjálfara, og hefur ríkt stöðugleiki í þjálfaramálum hjá yngri flokkum. Jóhann Bergur Kiesel er þjálfari í 5.fl, 6.fl og 7.fl. kk og kvk, Veselin Chilingirov (Vesko) er með 3.fl kk og kvk. og 4fl. kvk. Óli Stefán Flóventsson er með 4.fl kk. Einnig hefur Mate Paponja verið þeim til aðstoðar ásamt fleirum. Mariano kom inn á árinu sem styrktarþjálfari og hefur

sú viðbót reynst virkilega vel. Það er vert að nefna að samstarfið á milli þjálfaranna er mjög gott og vinna þeir mikið í teymisvinnu. Helsta áskorunin varðandi þjálfaramál hefur verið að manna aðstoðarþjálfun fyrrpart dags, en það lítur betur út núna.

Iðkendur, æfingar og mót

Iðkenda fjöldi er svipaður og fyrr ári. Staðan er þó sú að fjöldinn í sumum árgöngum er of lítill til að halda úti sér æfingum stúlkna- og drengja. Við slíkar aðstæður er ávallt reynt að finna lausn sem kemur iðkendum fyrir bestu, m.a. í samstarfi við önnur félög. Á síðasta ári ber helst að nefna samstarf okkar við Neista á Djúpvaggi, sem hefur gert okkur kleift að halda úti keppnisliðum í mörgum flokkum. Þökkum við þeim kærlega fyrir gott samstarf sem heldur vonandi áfram um ókomin ár.

Loksins voru haldnar keppnir án nokkurra covid takmarkana, sem var virkilega kærkomið. Allir flokkarnir tóku þátt í stórum mótum eins og Orku- og TM mótunum í Eyjum, Símamótinu og Reycup í höfuðborginni og N1 mótinu á Akureyri. Einnig tóku flokkarnir þátt í Íslandsmótum auk nokkurra smærri dagsmóta. Það var því líf og fjör eins og venjulega og þeyst um landið þvert og endilangt lungann úr árinu. Sem fyrr er samvinna á milli allra aðila mikilvæg í slíku starfi, og varðandi mótin þá er foreldrasamstarfið einn mikilvægasti hlekkurinn.

Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til. Við í ráðinu þökkum fyrir árið, sérstaklega þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við að halda starfinu góðu og gjöfulu.

Fh. Knattspyrnudeild yngri flokka

Ingólfur Reynisson, formaður.

Skýrsla blakdeildar Sindra

Í byrjun árs var ný stjórn skipuð í Blakdeildinni og við tóku Jóhanna Björg, sem formaður, Lilja Rós sem

Yngri Flokkar

Blakdeildin sendi lið á mót í Neskaupstað í 3. flokki kvk. á vordögum. Stelpurnar sýndu miklar framfarir og voru unnir leikir fleiri en tapaðir. Við vorum með 2 drengi á sama aldri sem að fengu að spila með öðru liði til þess eins að fá að vera með og keppa. Aðildarfélag innan BLÍ hafa alltaf tekið vel í að taka inn í lið sín til þess að gefa öllum tækifæri til þess að taka þátt. Ekki tókst að fara með yngri iðkendur á mót þar sem að þau voru mun færri.

Eftir sumarið missum við ansi marga krakka út hjá okkur úr yngri flokka starfinu, mörg hver fóru í skóla í öðrum landshlutum og voru þeir sem eftir stóðu teknir upp í mfl kvk. Gaman er að segja frá því að stór hluti þeirra krakka sem að fluttu í burtu héldu áfram að æfa og spila með öðrum liðum líkt og Fylki, KA og HK.

Yngri flokka starfið hefur haft á brattan að sækja enda erum við smábær með mikið framboð. Við breikkuðum aldursbilið á æfingum og prufuðum að setja inn námskeið fyrir yngstu iðkendur í 1-4 bekk. BLÍ kom hingað með svokallað skólablak sem var gríðarlega skemmtilegt að taka þátt í. Mikill fjöldi barna tók þátt og greinilega mikið um flotta og efnilega íþróttakrakka hér í bæ. Stjórnin vinnur nú að því að finna út hvernig við getum gert blakið sýnilegra og þar með aukið iðkendur á yngra stigi.

MFL KK

Meistaraflokkur karla tók ekki þátt í Íslandsmóti þetta árið sökum manneklu. Þeir voru með þjálfara fram á vorið og mættu á öldungamót með sameinuðu liði Leiknis Fáskrúðsfirði. Starfið byrjaði mjög

seint á haustönninni og ákveðið var að ráða ekki inn þjálfara þar sem að það var ekki að standa undir sér vegna dræmrar mætingar og óvissu um skuldbindingu iðkenda.

MFL KVK

Meistaraflokkur kvenna spila í 2. deild á Íslandsmóti. Liðið var efst í deildinni fyrir túrningu 2 sem haldin var á Siglufirði. Allar vorum við í startholum í að mæta. Tveir leikmenn höfðu haft félagaskipti til okkar frá Huginn Seyðisfirði þar sem ekki var nægur mannskapur hjá þeim sem gaf kost á sér í þessa helgar túrningu. Veðrið var þó ekki með okkur í liði þá helgina og var ákveðið að fara ekki þar sem vegir voru lokaðir og ekki hefði náðst á leikstað fyrir mótsbyrjun. Deildin var mjög ósáttar með að BLÍ hafi ekki gripið inn í og frestað leikjum þessar helgar vegna veðurs. Með því að mæta ekki datt liðið niður í neðri hluta deildarinnar. Þetta þýddi að í túrningu 3 þurfti liðið að mæta og spila í neðri hluta sem og að berjast um sæti til að halda okkur í 2. deildinni. Liðið gerði það og héldu sér uppi.

Liðið tók einnig þátt í öldungamóti Á Akureyri og gekk það eins og í sögu og tókst liðinu að vinna sig upp um enn aðra deildina þar og er því komið í 2. deild af 16/17 deildum og erum við einkar stolt af þeim árangri.

Með haustinu hefur verið mikil endurnýjun í hópnum. Deildin ákvað að bjóða upp á byrjendablaks tíma sem var ekki að nýtast vel og var því ákveðið að taka nýja iðkendur beint inn á æfingar meistaraflokks kvenna. Hópurinn stækkaði ört og eru orðin hátt í 20 manns á æfingum, og þá eigum við enn inni nokkrar af okkar gömlu góðu sem að hafa verið í smá pásu en fara vonandi að láta sjá sig aftur.

Fyrir hönd Blakdeildar Sindra,

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, formaður.

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

Stjórn 2022

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2022 skipuðu Elías Tjörvi Halldórsson formaður, Janine Arens gjaldkeri og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari ásamt þeim Björgvini Erlendssyni, Skúla Ingibergi Þórarinssyni og Jakobi Guðlaugssyni sem meðstjórnendum.

Ottó Marwin Gunnarsson, Guðrún Ósk Gunnarsdóttir og Jón Guðni Sigurðsson hættu í stjórn á árinu og komu þau Janine og Jakob inn í þeirra stað.

Meistaraflokkur karla

Starf meistaraflokks karla í byrjun árs var örlítið litað af kórónuveirufaraldri en samkomutakmarkanir voru á fyrstu leikjum ársins. Einnig var svolítið um það að leikjum væri frestað vegna smita. Takmarkanir voru þó fljótlega afnumdar og hægt var að taka á móti fullri stúku í Ice Lagoon höllinni.

Sindri hélt áfram að skila góðum úrslitum í 1. deild á vordögum og endaði deildarkeppnina í þriðja sæti annað árið í röð. Liðið náði heimavallarrétti í úrslitakeppni en datt út í fyrstu umferð eftir tap gegn Álftanesi í oddaleik. Þrátt fyrir svekkjandi tap þá er þetta besti árangur liðsins hingað til.

Liðið þetta tímabilið samanstóð sem áður af sterkum hópi aðkomumanna og góðum kjarna heimamanna.

Detrek Browning leikmaður Sindra fékk svo viðurkenningu frá KKÍ sem mikilvægasti leikmaður 1. deildar þetta tímabilið.

Undirbúningur fyrir tímabilið 2022-2023 hófst strax í byrjun sumars en Israel Martin hélt áfram störfum sem þjálfari meistaraflokks og yfirþjálfari yngri flokka. Við misstum nokkra heimamenn til annarra liða um sumarið en þeir sem eftir voru hafa heldur betur stigið upp. Einnig tókst okkur að ráða til okkar frábæran hóp aðkomumanna. Þrátt fyrir það hefur aðeins vantað upp á leikmannafjölda, en ungir og efnilegir drengir úr 9. flokki hafa hjálpað til við að ná í æfingahóp og fylla bekkinn.

Liðinu hefur gengið þrýðilega þar sem af er tímabils og þegar þessi skýrsla er skrifuð situr Sindri í þriðja sæti 1. deildar og hefur góða möguleika á því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni þriðja árið í röð.

Yngri flokkar

Starf yngri flokka hélt áfram að vaxa og dafna á fyrri hluta árs 2022 en boðið var upp á æfingar fyrir krakka á öllum aldri. Hjálmar Jens Sigurðsson hélt utan um það starf með dyggum stuðningi foreldra.

Iðkenda fjöldi hélt áfram að aukast og ástundun og mæting var í flestum tilvikum mjög góð.

Krakkarnir í 1. - 4. bekk kepptu á Nettómótinu í Reykjanesbæ í mars ásamt því að keppa á dagsmóti á vegum Hattar á Egilstöðum í lok maí þar sem 40 krakkar frá Sindra mættu til leiks.

Krakkarnir í 5. - 6. bekk mættu til leiks á á Íslandsmóti 10 og 11 ára ásamt því að mæta á ofantöld mót. Tvö lið voru send til keppni í báðum flokkum og stóðu þau sig með þrýði. 11 ára liðið vann sig upp um styrkleikaflokk á tímabilinu og 10 ára liðið var einni körfu frá því að vinna sig upp í sterkasta riðilinn af 10 mögulegum.

Það var töluverð aukning iðkenda í 7. - 10. Bekk á tímabilinu. Lið voru send til keppni á Íslandsmóti í 8. og 10. flokki. 8 flokkur vann sig upp í C - riðil og endaði í þriðja sæti eftir síðasta mótið og 10. flokkur náði í undanúrslit 3. deildar.

Fjöldi krakka frá Sindra tók þátt í Afreksbúðum KKÍ sem eru fyrir 5. - 7. bekk og er fyrsta stig í undirbúningi fyrir yngri landsliðin. Hilmar Jóhannsson og Smári Óliver Guðjónsson voru valdir í U-14 æfingahóp KKÍ. Þar að auki voru þeir Birgir Leó Halldórsson og Erlendur Björgvinsson valdir í 16 manna æfingahóp fyrir U16 landsliðið og Birgir Leó að endingu valinn í 12 manna hóp U16 og keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti yngri landsliða í lok júní. Að lokum var svo Tómas Orri Hjálmarsson valinn í æfingahóp fyrir U20 landsliðið.

Meistaraflokkur kvenna og annað starf

Starf meistaraflokks kvenna hefur breyst en einnig aðeins aukist milli ára. Ekkert lið er skráð til keppni en hópur kvenna hefur hist reglulega til æfinga svipað eins og með bumbubolta karla. Æfingar voru lengi að fara aftur í gang eftir sumarfrí en nú eru um 18 konur sem mæta reglulega og æfa. Nú eru fastar æfingar á mánudögum og laugardögum, en mánudagsæfingar heldur betur sóttar. Ljóst er að hér má gera betur og bindum við vonir við að hægt verði að efla starfið í framtíðinni.

Bumban heldur sínum sessi sem einn af mátarstólpum deildarinnar. Mæting hefur aðeins dvínað milli ára en æfingar eru ekki alveg eins vel sóttar. Mæting hefur verið frá 6 – 12 manns á æfingu en hópurinn þó heldur stærrí sem lætur sjá sig reglulega. Við vonumst til þess að hægt verði að efla þeirra starf á komandi ári.

Fjármál og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur haldið áfram að vaxa og umsvif hennar aukist. Þetta ár var töluvert breytt frá fyrri árum þar sem að stofnuð var sérstök stjórn yngri flokka en hún hefur séð alfarið um rekstur þeirra á haustönn.

Róðurinn var fremur þungur fyrstu mánuði ársins en stjórninni hefur tekist að taka til í fjármálum sínum, skera niður þar sem það hefur þurft og sótt á ný mið þegar kemur að fjáröflunum. Aðal kostnaðarliðurinn, sem fyrr, hefur verið meistaraflokkur karla.

Körfuknattleiksdeild hefur leitað ýmissa fjölbreyttra leiða til þess að fjármagna starfið og má þar helst nefna árlega sölu á síld, þorrabökkum, bolludagsbollum og öðrum tilfallandi fjáröflunum. Þar að auki hófum við frábært samstarf með Kvennakór Hornafjarðar til þess að sjá um veitingasölu og dyravörslu á Sjómannaballi í júní. Í byrjun desember tókum við svo stórt skref í framtíðar fjáröflun deildarinnar þegar gerður var samningur við Endurvinnsluna um rekstur flöskumóttöku á Höfn.

Styrktaraðilar deildarinnar hafa tekið vel við sér eftir að kórónuveirufaraldrinum lauk og nokkuð bæst í hópinn. Nú gengur rekstur deildarinnar töluvert betur og hefur okkur tekist að greiða niður töluvert af skuldum við aðalstjórn samhliða rekstri deildarinnar.

Stjórnin vill þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur bæði í formi fjárhagsstuðnings, vinnuframlags, annars konar stuðnings og þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum sem hafa komið að starfinu. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra

Elías Tjörvi Halldórsson, formaður.

Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í körfuknattleik

Skipun nýrrar stjórnar

Um miðjan ágúst óskaði framkvæmdarstjóri Umf. Sindra eftir fólki í stjórn yngriflokkaráðs Körfuknattleiksdeildar Sindra þar sem aðskilja átti rekstur yngri flokka og meistaraflokks.

Fimm einstaklingar buðu sig fram og fljótlega var haldinn fundur þar sem mynduð var stjórn sem skipti með sér verkum og voru þau eftirfarandi: Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður, Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir, ritari, Janine Arens, gjaldkeri, Finnur Smári Torfason, meðstjórnandi og Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir, meðstjórnandi. Hjálmar Jens Sigurðsson var stjórninni innan handa við skipulagningu og utanumhald á skráningu í mót og leiki. Hann sá um starf yngri flokka áður en að skiptingunni kom og stjórnin því afar heppin með að hann skildi vera tilbúinn að aðstoða. Stjórnin skipaði einnig tengilið stjórnar fyrir hvern aldursþóp til þess að dreifa álaginu og til þess að hafa betri yfirsýn yfir hvern flokk fyrir sig. Stjórnin fundar einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði og einnig eru haldnir mánaðarlegir fundir með þjálfurum. Þá koma stjórn og þjálfarar saman og ræða verkefni næsta mánaðar. Þannig eru allir vel upplýstir um starfið innan deildarinnar. Yngriflokkastjórn vinnur einnig með stjórn meistaraflokks að ýmsum verkefnum þegar auka hendur vantar, en fjármál yngri flokka og meistaraflokks eru alveg aðskilin. Skipulagning á starfinu og ráðning þjálfara

Stjórnin hóf strax skipulagningu á starfi vetrarins. Þar sem yngri flokkar voru að byrja á byrjunarreit fjárhagslega var farið í að kortleggja starfið. Áætlun um iðkendafjölda var byggð á iðkendatölum fyrra tímabils. Ný stjórn lagði mikla áherslu á faglegt starf og var ákveðið að tveir þjálfarar yrðu á hverri æfingu. Israel Martin hélt áfram samkvæmt samningi sínum að sinna yfirþjálfun yngriflokkastarfs sem og þjálfun elsta hópsins eða 7.-10. bekkjar. Auðunn Hafdal var ráðinn aðstoðar þjálfari í sama hópi sem og hjá 3. – 4. bekk. Með honum kom Margrét Kristinsdóttir til bjargar með því að taka eina æfingu í viku. Leikmaður meistaraflokks Guillermo Sánchez var ráðinn sem aðalþjálfari 3.-4. bekkjar og 5. – 6. bekkjar. Honum til aðstoðar var Oscar Alexander ráðinn sem einnig er leikmaður

meistaraflokks. Stjórnin ákvað fljótt að bæta við styrktarþjálfun á æfingartíma elsta hópsins og var Guillermo fenginn til þess að sjá um hana. Kristján Örn Ebenezerson var ráðinn sem þjálfari 1.-2. bekkjar og var hann einnig fenginn til þess að sjá um leikskólalöbottann. Honum til aðstoðar með 1. – 2. bekk var Kacper leikmaður í 9. flokki ráðinn og ásamt honum voru Hilmar Óli Jóhannsson og Maríus Máni Jónsson fengnir til þess að aðstoða í leikskólalöbottanum. Í nóvember var leikmaður meistaraflokks, Rimantas Daunys ráðinn sem afleysingaþjálfari og tók hann tímabundið við hluta af æfingum Israels Martins hjá elsta hópi. Hann sinnir svo áfram þjálfun í þeim flokki þegar Auðunn Hafdal fer í fæðingarorlof.

Israel, Guillermo, Kristján og Rimantas eru allir með háskólamenntun í íþróttufræðum og/eða þjálfaramenntun á hæsta stigi. Aðrir þjálfarar eru með þjálfaramenntun frá KKÍ eða ÍSí. Stefnt er að því að þeir yngstu sem eru að sinna sinni fyrstu aðstoðarþjálfun fari á slík námskeið þegar þau verða haldin næst. Allir í stjórninni voru sammála um að laun þjálfara skildu uppgefin til skatts og fá þjálfarar greitt samkvæmt kjarasamningum.

Til þess að halda vel utan um útgjöld yngri flokkanna var sett upp skjal fyrir allt tímabilið með öllum leikjum yngri flokka sem og meistaraflokks. Þannig var hægt að sjá með auðveldum hætti hvenær þjálfarar væru í burtu og hvenær þyrfti að fá afleysingu, hversu mikill kostnaður myndi fara í ferðir og gistingu þjálfara vegna móta o.s.frv.. Æfingargjöld voru svo ákveðin út frá launakostnaði þjálfara miðað við áætlaðan iðkendafjölda og útgjöldum vegna leikja og ferða á móti styrkum vegna yngriflokkastarfs svo sem lottói og styrks frá sveitarfélaginu. Yngri flokkar fjárafla ekki að neinu leyti að undanskildari sjöppu á heimaleikjum yngri flokka.

Keppni yngri flokka

Keppni yngri flokka fór vel af stað á tímabilinu. 9. flokkur spilar leiki á Íslandsmóti, 7. flokkur spilar einnig á Íslandsmóti en í túrneringum. 5. og 6. bekkur tekur þátt í minniboltamóti og 3.-4. bekkur og 1.-2. bekkur fóru á Fjölnismótið sem áður hét Sambíómótið. Liðunum hefur gengið afar vel í sínum keppnum og hafa bæði þjálfarar og liðsmenn fengið hrós fyrir hversu miklum framförum þau hafa tekið.

Körfuknattleiksdeildin hélt einnig mót hér heima sem styrkt var af Nettó. Þar mættu til leiks lið frá Sindra, Hetti, Hrafnkeli Freysgoða og Vík og Klaustri með börn á aldrinum 6 – 11 ára. Fleiri lið sýndu mótinu áhuga svo ljóst er að endurhugsa þarf framkvæmd mótsins svo allir komist fyrir. Veðrið var ekki upp á sitt besta og þurfti að seinka mótinu þar sem liðin að austan komust ekki fyrir áætlaðan tíma. Það fór þó allt vel og mótið þótti takast afar vel. Eftir mótið sýndu Vík og Klaustur áhuga á sameiginlegum æfingum og jafnvel leikjum milli eldri iðkenda. Ekki hefur orðið af samstarfinu enn þá, en vonast stjórnin til þess að vorönnin gefi færi á því.

Fjölgun varð á iðkendum í byrjun nýs tímabils, en enn hallar á stúlkur í liðin og er það eitthvað sem stjórnin þarf að skoða nánar hvernig hægt sé að laga og efla.

Þrír drengir voru valdir í æfingahópa yngri landsliða á milli jóla og nýárs og voru það þeir Hilmar Óli Jóhannsson, U15, Kacper Ksepko, U16 og Birgir Leo Halldórsson, U18.

Æfingabúðir milli jóla og nýárs.

Guillermo þjálfari óskaði eftir því við stjórnina í október að fá að halda æfingabúðir á milli jóla og nýárs. Stjórnin tók að sjálfsögðu vel í það verkefni. Um verkefni þjálfarans var að ræða og kom stjórnin ekki að skipulagningu búðanna nema eftir óskum þjálfarans. Búðirnar voru ekki styrktar af neinum og ekki haldnar í fjáröflunarskyni heldur eingöngu vegna áhuga þjálfarans á auka æfingum milli hátíða. 38 börn voru skráð í búðirnar sem heppnuðust afar vel. Guillermo fékk með sér tvo aðra þjálfara, þá Israel Martin og Ty Stewart leikmann meistaraflokks. Hann hannaði einnig sjálfur logo sem sett var á boli sem innifaldir voru í verðinu á búðunum. Knattspyrnudeild Sindra var svo almennileg að lána tíma á milli jóla og nýárs sem þeir hafa haft fyrir æfingabúðir í knattspyrnu og þökkum við þeim kærlega fyrir. Guillermo og Israel eru svo að skipuleggja sumar æfingabúðir sem fara munu fram í byrjun júní 2023.

Yngri flokkar halda ótrauðir áfram út tímabilið og er stjórnin farin að horfa til skipulagningar á næsta tímabili til dæmis varðandi ráðningu þjálfara. Það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með starfinu blómstra og sjá deildina stækka og eflast. Við hlökkum því til næstu verkefna og þökkum í leið þeim sem aðstoðað hafa við að gera starfið frábært.

F.h. Yngri flokka Körfuknattleiksdeildar Sindra

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður.

Skýrsla stjórnar frjálssíþróttadeildar Sindra

Í stjórn frjálssíþróttadeildar Sindra eru: Berglind Steinþórsdóttir formaður, Ingólfur Baldvinsson gjaldkeri, Einar Sigurjónsson ritari og Helga Árnadóttir meðstjórnandi og tengiliður við Hlaupahóp Hornafjarðar. Breytingar verða á stjórninni í ár þar sem Berglind mun hætta sem formaður og erum við að auglýsa eftir aðila til að vera með í stjórn næstu tvö árin.

Æfingar hafa gengið vel síðan við fengum nýjan þjálfara, Mariano Ferreyra. Æfingar hafa verið 3x í viku, bæði í Bárunni og í íþróttahúsinu. Æfingarnar eru á frjálssíþróttavellinum frá vori að hausti. Það er ánægjulegt að sjá hópinn stækka sem æfir frjálssar og vitum við vel að það skiptir öllu máli að vera með góðan þjálfara.

Í frjálssíþróttadeildinni eru um 22 iðkendur á aldrinum 6-15 ára. Í hlaupahóp Hornafjarðar sem hóf samstarf við frjálssíþróttadeildina haustið 2021 eru reglulegar æfingar allt árið 3x í viku og hefur það samstarf gengið mjög vel. Iðkendur í hlaupahópnum hafa verið á bilinu 38-42 og þjálfari er Helga Árnadóttir.

Frjálssíþróttadeildin stóð fyrir Sindraleikunum og voru þeir haldnir á miðvikudeginum fyrir Humarhátíð þann 22. Júní. Það var virkilega góð þátttaka á þeim. Iðkendur í hlaupahóp Hornafjarðar tóku að sér hin ýmsu sjálfboðaliðastörf á vellinum svo allt myndi ganga vel fyrir sig. Rúmlega 50 börn mættu til keppni og voru allir leystir út með verðlaunapening og pylsuveislu.

Á fimmtudeginum fyrir Humarhátíð stóð frjálssíþróttadeildin og Hlaupahópur Hornafjarðar fyrir viðburðinum „Hlaupið fyrir Horn“ þar sem þátttakendur hlupu um 10 km utanvegahlaup. Það er verið að undirbúa þennan viðburð og er stefnt á að endurtaka leikinn sumarið 2023 og þá eru tvær vegalengdir í boði, 10km hlaup og 21km.

Það voru ekki skipulagðar ferðar á frjálssípróttamót þetta árið, slíkt hefur alltaf verið í höndum foreldra en mikilvægt er að stjórn frjálssípróttadeildarinnar og þjálfarinn ræði þann möguleika við foreldra með góðum fyrirvara. Það var þó einhver hópur sem tók þátt á Unglingalandsmótinu sem fram fór á Selfossi síðasta sumar. Æfingar halda áfram með sama sniði, þær eru 3x í viku í íþróttahúsinu og Bárunni.

Hlaupahópurinn í samstarfi við frjálssípróttadeildina stendur fyrir ýmsum viðburðum eins og vetrar hlaupaseríu sem er 5 km hlaup 1x í mánuði yfir 6 mánaða tímabil, Kjóla-og kampavínshlaupið var í haust og þar var gífurlega góð þátttaka, farið var í hausthlaup inn í Hoffell og hlaupið um Geitafellsbjörg, jólaljósakakóhlaup var á sínum stað í desember, 3ja lóna jökulhlaup er vorhlaup sem verður árlegur viðburður hjá deildinni svo eitthvað sé nefnt. Einnig fór stór hópur hlaupara saman í Mýrdalshlaupið í maí 2022 og stefnir hópurinn á að endurtaka leikinn í ár en á nýjum stað.

Fh. Frjálssípróttadeildar Sindra

Berglind Steinþórsdóttir, formaður.

Skýrsla fimleikadeildar Sindra

Stjórn

Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður, Árdís Erla Halldórsdóttir, ritari og Fjóra Hrafnkelsdóttir, gjaldkeri.

Covid

Covid herjaði á fimleikadeildina eins og aðra í ársbyrjun, og fór starfið því hægt af stað. Boðið var upp á æfingar eins og hægt var, en veiran og allt sem henni fylgir hefur virkilega haft áhrif á fimleikadeildina.

Þjálfarar og þjálfarafatnaður

Eins og flestir vita þá hefur fimleikadeildin verið án yfirþjálfara síðan Einar Smári hætti vorið 2021, og erfiðlega hefur gengið að finna nýjan yfirþjálfara þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Staðan var þó ekki alslæm þar sem við vorum virkilega vel sett með almenna þjálfara á vorönninni í fyrra, en þá voru þeir 14 talsins. Við misstum síðan ansi marga frá okkur eftir sumarið, en þá höfðu nokkrir þjálfarar flutt burtu vegna náms eða snúið sér til annarra starfa. Var fjöldi þjálfara átta talsins á haustönninni.

Við erum vel sett með þjálfarafatnað þar sem Jakó hefur séð um að útvega þjálfurunum okkar fatnað annað hvert ár, okkur að kostnaðarlausu.

Iðkendur

Á vorönn stunduðu 134 iðkendur fimleika hjá deildinni; 78 leikskólabörn og 56 börn úr grunnskóla. Á haustönn fór iðkendum aðeins fækkandi en þá voru 122 iðkendur skráðir í Sportabler; 69 leikskólabörn og 52 börn úr grunnskóla.

Húsnæði og aðstaða

Aðstöðuleysið sem fimleikarnir hafa búið við síðustu ár hefur haft mikil áhrif á starf deildarinnar, og er það brýnt verkefni hjá okkur að íþróttin fái nýja og bætta aðstöðu fyrir sína starfsemi. Sem stendur eru margir mismunandi hagaðilar sem bera taugar til og gera tilkall til að nýta Mánagarð, og veldur þessi eilífa samkeppni um húsið álagi á alla aðila.

Þar að auki stenst húsnæðið sem nú er æft í ekki kröfur til fimleikaiðkunar og er endurnýjun áhalda eilífðar verkefni sem þarf sífellt að huga að. Mikið brottfall hefur átt sér stað í iðkendahópi sem og þjálfarahópi. Nú ríður á að skapa stöðugleika fyrir fimleikana þar sem okkar stærsta markmið er að komast í stærra og betra húsnæði sem býður upp á viðunandi aðstöðu til fimleikaiðkunar og efla þar með starfsemi deildarinnar. Eru væntingar um að bætt aðstaða laði einnig að sér þjálfarateymi til framtíðar.

Áhöld

Ekki var fjárfest í áhöldum á árinu 2022 en stefnt er að því á árinu 2023 að endurnýja áhöld sem notuð er í leikskólafimleikum ásamt áhöldum fyrir keppnishópa.

Sýningar

Vorsýning Fimleikadeildar Sindra var haldin í maí sl. og heppnaðist sýningin með eindæmum vel en þemað var Latibær. Lauk vorönninni í kjölfarið.

Mót

Ekki var farið á nein mót árið 2022, því miður. Það hefur þó til allrar lukku ræst úr því núna á nýju ári.

Eins og sést hefur fimleikadeildin staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum undanfarin misseri, en við trúum að það sé að birta til. Fimleikaiðkun í æsku stendur með iðkendum fram á fullorðinsár, auk þess sem hún er góður grunnur fyrir aðrar íþróttir. Það er því til margs að vinna að hlúa eins vel og unnt er að iðkendahópnum okkar og þjálfurunum sem hafa haldið starfinu gangandi.

Að lokum vill stjórn Fimleikadeildar Sindra þakka öllum þeim sem komu að starfinu í fyrra með einum eða öðrum hætti. Einnig benda stjórnarmenn á að það er pláss fyrir nýja meðlimi í stjórnendahópinn, og viljum við endilega hvetja áhugasama til að taka þátt í að starfi deildarinnar.

Fh. Fimleikadeild Sindra

Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður.

Árdís Erna Halldórsdóttir, ritari.

Fjóla Hrafnkelsdóttir, gjaldkeri.

Skýrsla stjórnar Sunddeildar Sindra

Deildin hóf aftur störf eftir gott jólafrí.

Þjálfari er Mariano Ferreyra og aðstoðarþjálfari var Heiðís Elva fram að haustönn en þá komu Lea Sól og Ástrós.

Deildin var með æfingar hjá 1, 2 og 3-10 bekkur sem og Garpasundið.

Æfingar voru vel sóttar. Því miður var ekkert innanfélagsmót þetta árið og ekki var farið heldur að keppa eða í æfingarbúðir með börnin.

Við héldum úti sumarsundæfingum fyrir skólabörnin og fannst þeim gaman að fá að synda í sól og sumarhitnum. Í sumar vorum við einnig með tvö 2ja vikna forskólasund fyrir 4 og 5 ára börn og var það mjög vel sótt.

Mikil eftirsjá er af Heiðísi Elvu, hún var búin að vera hjá okkur í 4 ár sem aðstoðarmaður þjálfara og sjálf á sundæfingum alla daga vikunnar.

Viljum við óska henni velfarnaðar á nýjum stað og vonum að Sindra hjartað slái alla daga, alltaf og vonum að hún komi aftur til okkar.

Fh. Sunddeild Sindra,

Erla Berglind Antonsdóttir, formaður.

Jónína Björk, gjaldkeri

Skýrsla stjórnar Badmintondeildar Sindra

Stjórn badmintondeildarinnar hélt áfram óbreytt frá því kjöri sem var á stofnfundi félagsins 20.nóv 2021.

Stjórnina skipa:

Sigurborg Jóna Björnsdóttir, formaður.

Hafrún Eiríksdóttir, gjaldkeri.

Hjörvar Freyr Björnsson, ritari.

Starfið hefur verið að komast á gott skrið eftir að hafa misst marga iðkendur út meðan Covid faraldurinn fór yfir. Virkir iðkendur eru í kringum 15 manns og nokkrir sem hafa mætt endrum og eins. Við höfum haft tíma í húsinu tvisvar í viku á vor og haust önn og hefur mæting verið góð í miðri viku en fáir verið að nýta tímann á sunnudögum. Náðum við einnig að halda út starfi síðastliðið sumar og var mæting sæmileg í þá tíma.

Haldin voru tvö innandeildar mót á árinu, Páskamót og jólamót. Þátttaka var góð á báðum mótum.

Stefnan fyrir næsta ár er að heimsækja nágretta okkar á austurlandi og etja kappi við þau í badminton.

Fyrir hönd stjórnar,

Sigurborg Jóna Björnsdóttir, formaður.

Skýrsla stjórnar rafíþróttadeildar Sindra

Starfsemi rafíþróttadeildar hófst að nýju þann 1. nóvember 2022 eftir að samkomutakmarkanir stjórnvalda tóku enda og starfsemin hafði verið undirbúin í nokkra mánuði með ráðningu þjálfara og skipulagningu starfsins. Æfingar voru haldnar í Vöruhúsinu frá þeim tíma og til loka ársins 2022. Æfingar eru enn haldnar í vöruhúsinu en nú standa yfir samningaviðræður um nýtt og betra húsnæði sem að verður eingöngu ætlað starfsemi rafíþróttadeildarinnar.

Fyrir sitja í stjórn : Hafsteinn Ísaksen – Formaður, Róbert Marwin Gunnarsson – Varaformaður og Ottó Marwin Gunnarsson gjaldkeri. Á seinni hluta ársins bættist Dagbjört G. Magnúsdóttir við sem meðstjórnandi og ritari.

Á árinu voru ráðnar fimm manneskjur í þjálfarastörf : Sölvi Ólafsson, yfirþjálfari. Að auki voru Lea Sól, Viktoría Rós, Haukur og Björgvin ráðin sem þjálfarar.

Í desember var haldið þjálfaranámskeið og foreldrafyrirlestur í samstarfi við Rafíþróttasamband Íslands. Við leggjum mikið upp úr þjálfaramenntun og góðum starfsaðstæðum fyrir þjálfara auk þess að vinna eftir regluverki sem að skerpur getur þjálfara og ýtir undir samstöðu. Á komandi ári munum við halda áfram með þá stefnu og höfum því skráð deildina í Esports Coaching Academy. Eða ECA,

sem er stofnun sem að muni hjálpa okkur að taka stefnu deildarinnar á næsta stig. Hugbúnaður ECA svipar til Sideline Sports fyrir aðrar íþróttir og þykir eitt fremsta þjálfunartól í heimi rafíþróttar.

Á árinu fengum við styrki frá eftirfarandi aðilum:

Verkfærni ehf., – 20.000kr, Beinlínis ehf., – 20.000kr og Hirðingjarnir styrktu okkur um 1.000.000kr, eyrnamerkt til tækjakaupa. Einnig styrkti Brynjúlfur Brynjólfsson deildina um prentun á auglýsingaefni. Að auki fengum við vilyrði fyrir styrk frá UMFÍ að upphæð 110.000kr. Fyrir styrkinn frá Hirðingjunum fjárfestum við í fimm öflugum leikjatölvum sem bættust við þær fimm sem að fyrir voru og voru keyptar í janúar 2022. Stefna okkar er að geta boðið upp á 25stk tölvu/ leikjaver og tryggja því aðgengi allra iðkenda að íþróttinni óháð stétt eða stöðu.

Við lok árs voru 38 iðkendur í yngri flokkum rafíþróttadeildar og 8 iðkendur í meistaraflokki. Samtals eru því 46 iðkendur á öllum stigum við lok ársins 2022, sem er mikil aukning og fór fram úr okkar væntingum. Stefnan er nú að setja upp þjálfunarplan á öllum stigum skv. stöðlum sem þekkjast hjá fremstu rafíþróttadeildum í heimi og eru mörg verkefni sem fara af stað fljótlega.

Það getur talist ljóst að koma rafíþróttadeildar inn í starfsemi UMF Sindra hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfið og þörf viðbót. Það hefur sýnt sig að starf deildarinnar er þarft og hefur verið mikil félagsleg stoð hjá þeim ungmennum sem að ekki hafa fundið sig í öðrum íþróttum. Við höfum unnið náðið með Rafíþróttasambandi Íslands við uppbyggingu starfsins og við höfum við sett sem stefnu að vinna eftir góðum gildum sem einkenna eiga starfsemi ungmennastarfs og byggja á þeim grunni sem að Rafíþróttasamband Íslands setur.

Fyrir hönd stjórnar Rafíþróttadeildar UMF Sindra.

Hafsteinn Ísaksen Hansson, formaður.

Starfsskýrsla Ungmennafélagsins Mána

Aðalfundur Mána var haldinn 24. apríl í Mánagarði og á hann mættu 5 manns. Stjórnin hélt áfram og Starfsemin á árinu 2022 var með hefðbundum hætti.

Þrettándagleði UMF Mána var haldin fimmtudaginn 6. janúar og var veður stillt en kalt.

Björgunarfélag Hornafjarðar var svo að vanda með tilkomumikla flugeldasýningu en sökum Covid faraldurs var óskað eftir því við þá sem komu að fylgja þágildandi sóttvarnarreglum.

Aðalfundur Mána var haldinn 21. mars og voru 6-7 manns sem mættu.

Eftir þann fund sitja í stjórn:

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir Hraunhóli 7, formaður.

Þorgrímur Tjörvi Halldórsson Hraunhóli 8, ritari.

Ásta Steinunn Eiríksdóttir Bæjarhóli, gjaldkeri.

Varamenn:

Halldór Einarsson, Þinganesi

Björn Ármann Jónsson

Árið 2021 var ákveðið að hreinsa upp og yfirfara málverk eftir Höskuld Björnsson sem félaginu var gefið á sínum tíma en það hafði verið í geymslu. Verkið var yfirfarið og nýr rammi smíðaður um það á árinu.

89. ársþing USÚ var haldið 7. apríl í Gólfskálanum og á hann mættu allir 6 fulltrúar frá Mána.

Þann 28. maí fagnaði USÚ 90 ára afmæli með ýmis konar afþreyingu fyrir börn og fullorðna. Fulltrúar Mána létu sitt ekki eftir liggja og buðu upp á keppni í óhefðbundnum greinum, stígvélakasti og pokahlaupi. USÚ bauð stjórnarmönnum aðildarfélaganna í kvöldverð um kvöldið í Sindrabæ og mætti formaður Mána. Í boði var þriggja rétta kvöldverður sem lukkaðist afar vel og áttu stjórnarmenn saman notalega kvöldstund.

Ungmennafélagið Máni skrifaði undir samstarfssamning við knattspyrnudeild Sindra í byrjun árs. Samstarfssamningurinn lagði upp með að stofnað væri lið í 4. deild undir merkjum Mána. UMF Sindri sá um þjálfaramál liðsins og alfarið um skipulag í kringum leiki. Samstarfinu er nú lokið en iðkendafjöldi var 55.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur. Hátíðarhöld voru með hefðbundnum hætti, gengið var upp að Laxárdalsrétt. Veðrið var fínt og höfðu menn gaman að. Þegar komið var aftur í Mánagarð bættist í hópinn og farið var í leiki, naglaboðhlaup og pokahlaup svo eitthvað sé nefnt. Þá voru grillaðar pylsur og að lokum flugu karamellur ofan af þakinu á Mánagarði, öllum viðstöddum til mikillar gleði.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá laugardaginn 4. desember en engin sérstök dagskrá var í kringum það. Jólatréð kom frá Kiwanisklúbbnum Ósi.

Skýrsla þessi var rituð af stjórnarmeðlimum:

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir, formaður

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, gjaldkeri

Þorgrímur Tjörvi Halldórsson, ritari

Starfsskýrsla Ungmennafélags Öræfa

Starfsskýrsla UMFÖ gerð 2023 fyrir starfið á árinu 2022

7. apríl sóttu Sigrún Sigurgeirsdóttir og Svanhvít Helga Jóhannsdóttir ársþing USÚ í Gólfskálanum á Höfn. Á ársþinginu voru m.a. samþykktar ný skilyrði sem aðildarfélög USÚ þurfa framvegis að uppfylla til að geta fengið úthlutað lottótekjum. Þau eru þessi:

- Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, til ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
- Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til USÚ fyrir ársþing USÚ hvert ár.
- Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á, á ársþing USÚ.

Sé eitthvert þessara skilyrða óuppfyllt, fellur úthlutun niður hjá hlutaðeigandi félagi það árið. Úthlutun sem fellur niður deilist á önnur aðildarfélög skv. 1.grein í úthlutunarreglunum.

21. apríl buðu Sigrún og Hafdís Roysdóttir upp á skoðunarferð um Öræfin með léttu fræðsluávafi, 8 þátttakendur voru í ferðinni. Ferðin hófst á Hnappavöllum og þaðan var ekið milli bæjarfélaga og farið í stuttar gönguferðir á völdum stöðum. Þetta var virkilega gaman og einkum var skemmtilegt að geta miðlað fræðslu frá gamalgrónum íbúum til þeirra sem höfðu búið hér í skemmri tíma.

21. apríl var aðalfundur UMFÖ haldinn í Freysnesi. Þar biðu okkar ljúffengar veitingar frá Önnu Maríu og það var auðvitað kærkomið að njóta þeirra eftir gönguferðirnar.

17. júní var þjóðhátíðardeginum fagnað með útisamkomu í Svínafelli. Veðrið var ljúft og dagurinn var vel heppnaður. Kristín Karólína Helgadóttir stýrði leikjum þar sem börn og fullorðnir spreyttu sig á alls

konar þrautum. Boðið var upp á grillaðar pylsur og kaffi sem þær Hólmfríður Guðlaugsdóttir og Halldóra Oddsdóttir reiddu fram. Að lokum stýrði Hólmfríður gönguferð meðfram fjallinu þangað sem hægt var að njóta útsýnis að Falljökli. 49 mættu.

11.-13. júlí bauð Klifurfélag Öræfa upp á klettklifur og leikjanámskeið á Hnappavöllum fyrir börn. UMFÖ styrkti námskeiðið, enda féll það mjög vel að markmiðum félagsins.

2. júlí hófst íslenskuþjálfun Sigrúnar fyrir fólk sem býr eða starfar í Öræfum og langar að læra tungumálið. Þetta var samstarfsverkefni UMFÖ, VJP, Hótel Skaftafells og Kaffi Vatnajökuls. Þetta voru 12 dagar (val um að mæta kl. 13 eða kl. 20) þar sem fólk mætti og æfði sig á setningum sem Sigrún samdi. Það voru 38 manns sem mættu í þjálfunina, mest 14 á einum degi en í júlí mættu að meðaltali 10 hvern dag. Margir mættu í fleiri en eitt skipti svo það voru 116 í tímunum samtals; þau sem mættu störfuðu hjá a.m.k. tíu fyrirtækjum en ég óskaði ekki eftir skráningum á því svo mögulega voru fyrirtækin fleiri.

Til viðbótar var ein söngstund þar sem Íslendingar voru líka velkomnir. Á söngstundinni voru sungin íslensk dægurlög við undirleik Dan Saulite, Svanhvít og Steinunn Björg voru Sigrúnu til aðstoðar í söngstjórninni. Engin nafnaskráning var í söngstundinni, en það komu 46 og þar af voru 25 fæddir erlendis.

26.-27. nóvember var Svafa Sigurðardóttir með jógaheggi í Hofgarði: yogaf læði, yinyoga og yoga nidra. Svafa er reiðubúin til að endurtaka leikinn af og til, þegar hún verður á ferðinni. 11 mættu.

2. desember var fræðslukvöld UMFÖ haldið á Kaffi Vatnajökli. Um 40 manns mættu og hlustuðu á kynningar sem fóru fram bæði á íslensku og ensku. Erindin voru áhugaverð og það væri gaman að hafa annað fræðslukvöld næsta haust.

- Steph Matti kynnti doktorsverkefni sitt í mannfræði við HÍ: Að takast á við fordæmalausa áhættu, óstöðugar hlíðar á Íslandi og í Grænlandi. Síðustu fjögur ár hefur hún tekið viðtöl við íbúa, starfsfólk og ferðafólk í Öræfum vegna mögulegrar skriðu í Svínafellsheiði, auk þess að tala við vísindamenn og opinbera embættismenn.
- Íris R. Pedersen kynnti lokaverkefni sitt frá LBHÍ: Þróun vistkerfis frá sandauðn til votlendis. Rannsóknarsvæðið sem hún mældi er vestan til á Breiðamerkursandi, nálægt sjónum.
- Dr. Kieran Baxter flutti erindið: Að gera jöklabreytingar sýnilegar með gömlum ljósmyndum og nýjum aðferðum. Colin faðir hans var ljósmyndari og Kieran hefur ekið ljósmyndir af sömu jökli, frá sama sjónarhorni og faðir hans gerði áður. Auk þess hefur hann tekið tímaskeiðsmyndbönd og nýtt þrívíddartækni.
- Svanhvít Helga Jóhannsdóttir kynnti lokaverkefni sitt við HA. Áhrif jökla á fólk; hnattræn, menningarleg, félagsleg og hugræn. Svanhvít fjallaði um bráðnun jökla í Öræfum, áhrif jökla á skáld og ljósmyndara, jöklaleiðsögn fyrr og nú, tengsl við ferðapjónustu og tilfinningar fólks til jökla.
- Daniel Ben-Yehoshua sagði frá doktorsverkefni sínu við HÍ um sprungur á Svínafellsheiði og óstöðugleika fjallshlíðarinnar.
- Magnús Tumi Guðmundsson prófessor í jarðeðlisfræði við HÍ gerði kynningu um Öræfajökul og sendi okkur, kynningunni var varpað á stóran skjá. Hann fór yfir gerð jökulsins, virkni, eldgosasögu, líkur á öðru eldgosi, undanfara eldgosa í jöklinum, vöktunarkerfi og viðbragðsáætlanir.

13. desember var Jólball í Hofgarði. Að þessu sinni var jólaballið haldið í samstarfi við Leik- og Grunnskólann í Hofgarði í stað þess að vera haldið milli jóla og nýárs, því fyrirséð var að margar fjölskyldurnar yrðu á faraldsfæti á þeim tíma. Dagskráin var með hefðbundnu sniði. Sigrún brá sér í

hlutverk jólasveins, lék á gítar á meðan gengið var í kringum jólatréð og færði börnunum glaðning að því loknu.

Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar

Skotfélag Hornafjarðar starfsárið 2022

Starfsárið hófst með aðalfundi þar sem stjórnin var endurkosin og skýrsla stjórnar og ársreikningar voru samþykktir.

Skotfélagsfólk fór bjartsýnt inn í árið 2022 en erfilega gekk að komast í framkvæmdir sem til stóð að fara í en vonandi verður árið 2023 okkur gjöfulla hvað framkvæmdir varðar en æfingar voru haldnar og fóru félagar og kepptu á skotmótum hjá öðrum skotfélögum með góðum árangri. Félagið tók veiðimenn til verklegs skotprófs vegna hreindýraveiða og eins vorum við með tvö námskeið fyrir Umhverfisstofnun í meðferð skotvopna í tengslum við skotvopnanámskeiða sem voru nú kenndi á netinu í fyrsta skipti og við sáum um verklega hlutann.

Annars tókum við i notkun innheimtukerfið cloud4club.com og reyndist það ágætlega og verður vonandi betri virkni í því núna á þessu starfsári.

Annars er gott hljóð í skotfélagsfólki og okkur hlakkar til sumarsins

Kveðja

Stjórn Skotfélags Hornafjarðar

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Starfsárið 2022 var mjög kraftmikið hjá Golfklúbbsi Hornafjarðar. Sigurður Guðni Hallsson sá um að hirða völlinn eins og undanfarinn ár og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl. En einn starfsmaður dugir ekki til að halda vellinum í góðu standi og þarf því oft að leita til félagsmanna um aðstoð við hin ýmsu verkefni en á liðnu ár var garðurinn út á 4 braut grjótvarinn, lögð ný vatnslögn og svo voru teigarnir á 9. braut hækkaðir upp og stækkaðir auk fjölda annara viðvika sem þarf að sinna.

Við þökkum öllu því fólki sem að þessu hefur komið fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Endurbætur á húsi félagsins standa enn yfir og nú stendur yfir vinna við síðari áfanga í þeirri vinnu og gengur það vel. Að þessari vinnu hafa þó nokkrir einstaklingar lagt til mikla og ómetanlega sjálfboðavinnu en án þeirrar vinnu væri þetta ekki hægt.

Það væri erfitt að ætla að telja upp þá aðila sem að þessu hafa staðið án þess að eiga á hættu að gleyma ekki einhverjum en við færum þessu fólki bestu þakkir fyrir þeirra mikla framlag.

Árið var samt ekki eintóm vinna það var líka spilað golf og haldin mót. En félagsmönnum buðust fjölmörg mót á árinu sem voru vel sótt af félögum golfklúbbsins. En mótanefnd mun fara betur yfir það. Kvennagolf er öflugur félagsskapur innan klúbbsins og þar eru haldnar ýmsar uppákomur sem eru oft óhefðbundnar en örugglega skemmtilegar, má þar nefna hefðameyjamótið sem haldið var um mitt sumar en þar mátti sjá uppáþúnar konur með hatta spila golf og gera sér glaðan dag. Stór hópur kvenna fór í æfingabúðir og kennslu á Hellishóla í vor og áttu þar góða helgi saman. Einnig var klúbbsnum treyst til þess að halda Íslandsmót 5. deildar karla sem við getum verið stolt af og fékk klúbbsurinn mikið lof frá keppendum fyrir góða umgjörð og vel heppnað mót.

Einnig var haldið Austurlandsmót kvenna hjá okkur síðsumars sem lukkaðist vel að öðru leyti en því að veðurguðirnir voru okkur ekki hliðhollir, það rigndi eins og hellt væri úr fötu og vindurinn blés hraustlega á köflum.

Á árinu voru 144 félagar skráðir í klúbbinn, 58 konur og 86 karlar.

Og fyrir þá sem hafa gaman af tölum þá er fjölmennasti hópurinn á aldrinum 40-59 ára og stærsti forgjafarhópurinn er með skráða forgjöf frá 30-54.

Yfir sumarið var rekstur golfskálans í höndum Jóhannesar Óðinssonar og er honum þakkað fyrir sín störf en hann hefur nú flutt sig um set.

Golfklúbburinn bauð nú sem fyrri sumur upp á golfæfingar fyrir börn og unglunga. Halldór Steinar og Sindri sáu um það og stóðu sig með þryði í því verkefni en tæpleg 30 börn skráðu sig á æfingar. .

Ég vil minna féлага á heimsíðu klúbbsins ghggolf.is og einnig höldum við úti tveimur facebook síðum þ.e. síða golfklúbbsins og síða kvennagolfsins.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars.

Hornafirði, 9. mars 2023 Stjórn GHH

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings

Hér verður stiklað á því helsta sem fór fram hjá Hestamannafélaginu Hornfirðings starfsárið 2022.

Farið var að taka hesta á hús í nóvember í Félagshesthús og var það nánast orðið fullt undir Jól og voru hestar í því fram yfir Félagsmót sem var 18. og 19. Júní.

Í desember og Janúar smíðaði Gunnar Þorsteins vegg á steypu plötu í Reiðhöll og Jón Finnsson kom og sá um málingavinnu við hann og færum við þeim félögum kærar þakkir fyrir.

Í febrúar var haldið Járninganámskeið þar sem kennari var Stefán Steinþórsson Járningameistari og kennari við Háskólann að Hólum í Hjaltadal og voru 10 manns sem tóku þátt í því.

7. Febrúar var haldið fyrsta Vetrarmót ársins í Reiðhöllinni og voru um 20 skráningar á því.

Helgina 18. til 20. mars var haldið Sirkusreiðnámskeið í boði Hornfirðings (frítt fyrir Féлага í Hornfirðing) í Reiðhöllinni með Ragnheiði Þorvaldsdóttur og lukkaðist það vel.

20. mars og 7. Apríl stóð til að halda Vetrarmót 2 og 3 í Reiðhöllinni en var þeim aflýst vegna dræmrar þátttöku.

Páskaútreiðarnar voru 2 annarsvegar var farið á Föstudaginn Langa inn að StóruLágargerði og mættu um 15 Félagar og síðan var farið út á Horni á Páskadag og voru 25 Félagar mættir þangað.

Fjáröflunarnefnd stóð sig frábærlega og safnaði 45 Firmum fyrir Firmamót Hornfirðings sem var haldið í blíðskapar Veðri 21. Apríl og voru 30 skráningar á það. Færum við styrktaraðilum kærar þakkir fyrir.

1 maí var dagur Íslenska hestsins haldin í Reiðhöllinni og þar sýndu fulltrúar Æskulýðsnefndar hestana sína og einnig var yngri börnum leyft að fara á bak og svo voru grillaðar pylsur og kaffi handa gestum og gangandi.

28.Maí hélt USÚ upp á 90 ára afmæli sitt á Sindravöllum og mætti Snæsa og teymi þar fyrir hönd Hornfirðings og teymdu undir krökkum.

Félagsmót og úrtaka fyrir Landsmót Hornfirðings var haldið helgina 18. og 19. Júní og var þátttaka góð eða 65 skráningar, veðrið lék okkur frekar illa á laugardeginum og riðlaðist dagskráin verulega en mótið hófst kl. 19:00 þegar vind tók að lægja og var svo klárað á Sunnudegi í rjómablíðu og þess má einnig geta að fyrir mótið var farið í að endurnýja Farandverðlaun og fá Félagar og Fyrirtæki kærar þakkir fyrir að styrkja okkur í því.

Niðurstöður mótsins voru svo hljóðandi.

Barnaflokkur:

1. Kolbrún Hilmarsdóttir og Garpur frá Nautabúi 8.04
2. Eyrún Stína Guðmundsdóttir og Funi frá Mið-Fossum 7.99
3. Erlín Hrefna Arnarsdóttir og Eymundur frá Hvítanesi 7.63
4. Bjarni Magnússon og Tinni frá Fornustekjum 7.6

A-flokkur

1. Þórmundur frá Lækjarbrekku og Hlynur Guðmundsson 8.56
2. Hljómur frá Horni og Jasmina Koethe 8.31
3. Fluga frá Bjarnanesi og Friðrik Reynisson 7.93
4. Kraflar frá Ólafsbergi og Halldór Fannar Ólafsson

Unglingar:

1. Ída Mekkín Hlynsdóttir og Marín frá Lækjarbrekku 8.78
2. Elín Ósk Óskarsdóttir og Ísafold frá Kirkjubæ 8.59
3. Viktor Óli Helgason og Kostur frá Margrétarhofi 8.58
4. Friðrik Snær Friðriksson og Flóki frá Hlíðarbergi 8.58
5. Hildur Sunna Einarsdóttir og Brák frá Lækjarbrekku 7.91

B-Flokkur

1. Tromma frá Höfn og Hlynur Guðmundsson 8.95
2. Dís frá Bjarnanesi og Snæbjörg Guðmundsdóttir 8.45
3. Læsing frá Sandhólaferju og Mathilde Nijzingh 8.38
4. Stjarna frá Haga og Jóna Stína Bjarnadóttir 8.29
5. Uni frá Lækjarbrekku og Helgi Vigfús Valgeirsson 7.39

Tölt unglíngar

1. Viktor Óli Helgason og Kostur frá Margrétarhofi 8.63
2. Friðrik Snær Friðriksson og Embla frá Þjóðólshaga 8.45
3. Eyrún Stína Guðmundsdóttir og Funi frá Mið-Fossum 7.7

Tölt 2 flokkur

1. Stjarna frá Haga og Jóna Stína Bjarnadóttir 8.54
2. Læsing frá Sandhólaferju og Mathilde Nijzingh 8.45

3. Stjórnunótt frá Haga og Magnús Skúlason 8.10
4. Bjarmi frá Hlíðarbergi og Gunnar Bragi Þorsteinsson 8
5. Dögun frá Hlíðarbergi og Leonie

Tölt 1 flokkur

1. Dís frá Bjarnanesi og Snæbjörg Guðmundsdóttir 8.66
2. Jörundur frá Eystra-Fróðholti og Hlynur Guðmundsson 8.53
3. Máney frá Úlfarsfelli og Sophia Fingerhut 8.25

Og fulltrúar Hornfirðings á Landsmóti voru.

A flokkur Hlynur Guðmundsson með Jörund og Þórmund.

B flokkur Hlynur Guðmundsson með Trommu og Mathilde Marij Nijzingh - með Læsingu.

Unglingaflokkur. Elín Ósk Óskarsdóttir með Ísafold, Ída Mekkín Hlynsdóttir með Marín og Friðrik Snær Friðriksson með Flóka

Barnaflokkur Eyrún Stína S. Guðmundsdóttir með Funa og Kolbrún Hilmarsdóttir með Garp.

Friðrik Snær kom inn sem þriðji keppanda þar sem hann varð langhæstur á stöðulista LH en þar eru 6 aukasæti fyrir hæstu einkannir sem náðu ekki inn í gegnum úrtöku og til gamans má segja frá því að okkur stóð einnig til boða auka sæti í Barnaflokk.

Hestamannafélagið Hornfirðingur styrkti börn og Unglinga fyrir Landsmótið með greiðslu á þátttökugjöldum og einnig 40 þús kr. ferðastyrk á barn/ungling

Fulltrúar Hornfirðings stóðu sig með miklum sóma á Landsmóti Hestamanna á Hellu og ber helst að geta að Ida Mekkín og Marín fóru í milliriðil og náðu þaðan inn í B. Úrslit sem er glæsilegur árangur þar sem óhætt er að segja að Unglingaflokkur hafi aldrei verið svona sterkur á Landsmóti áður.

Hlynur Guðmundsson komst einnig í B. Úrslit á Trommu og mátti ekki miklu muna að hann næði í úrslit í gríðarlega sterkri keppni.

Í kynbótahrossunum fékk Organisti frá Horni 1. verðlaun fyrir afkvæmi, en það voru 5 afkvæmi sem mættu í sýningu á Landsmóti og reið Ómar Ingi á Silfursteini frá Horni.

Helstu reiðtúrar á árinu voru Páskareidarnar, Flateyjarútreið, Lónsútreið o.s.frv..

Maggi, Harpa, Snæsa og Frikki voru fulltrúar Hornfirðings á USÚ þingi og ber þar helst að nefna að samþykkt var að meirihluti þingfulltrúa hvers Félags innan USÚ þarf framvegis að mæta á USÚ þing annars falla Lottó greiðslur niður til viðkomandi Félags, ekkert hefur verið fundað í nefnd USÚ um skiptingu Lotta greiðslna síðan fyrir Covid.

Reiðvega og vallarmál, skipt var um jarðefni og sett harpað efni í Reiðveg upp með Hestavallarvegi og svo var lagt harpað efni frá Hesthúsum og suður fyrir Reiðhöll, stóra gerðið var tekið í gegn, settir nýir staurar, bönd og grjóthreinsað og í Tunnugerði var gert við samskeyti á járnri, gert við niðurfall, ný hurð og sett nýtt jarðvegsefni inn í hana.

Í September var skrifað undir samstarfssamning við Sveitafélagið (sjá fylgiskjal) til 4 ára þar sem meðal annars kemur fram að Sveitafélagið greiðir Framlag til þróunar íþróttar- og æskulýðsstarfs kr. 300.000. á ári, og eins hefur Sveitafélagið nú þegar greitt til baka Fasteignagjöld af Reiðhöllinni sem

Hestamannafélagið hefur greitt undanfarin ár og þegar þetta er skrifað er verið að leggja lokahönd á að skipta Fasteigninni Reiðhöll/Félagshesthús í 2 húsnúmer þar sem Sveitafélagið á Reiðhöllina og greiðir þá Fasteignagjöld af og Hestamannafélagið greiðir þá Fasteignagjöld af Félagshesthúsi. Færum við Sveitafélaginu kærar þakkir fyrir.

Búnaðarsamband A-Skaftafellssýslu gaf veglegan styrk í æskulýðsstarfið sem verður notaður Veturinn 2023. Færum við Búnaðarsambandinu kærar þakkir fyrir.

Stjórn HH. 2022

Ársskýrsla Klifurfélags Öræfa

Árið hófst með covid takmörkunum og fáum auglýstum opnunum. Fjöldatakmörkunum var aflétt í mars og þá fór starfið hægt og rólega af stað. Starfið hefur verið mjög rólegt. Haldið var klifurnámskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára á Hnappavöllum sem Svanhvít Helga ásamt Maríönnu og Tómasi úr FAS kenndu. Námskeiðið fylltist á mjög skömmum tíma og skráningum rigndi inn. Ljóst að námskeiðið í fyrra hafði vakið mikla lukku og eftirspurn mikil.

Ungmennasambandið Úlfljótur styrkti námskeiðshaldið um 200.000.kr.

Klifrarar voru öflugir á Hnappavöllum í sumar og Árni Stefán boltaði fjölmargar leiðir sem nutu mikilla vinsælda enda margar hverjar af gráðum sem mörg klifra. Veðrið var mjög gott til klifurs. Haustið gekk í garð og þá fóru stjórnarmenn og félagar í Björgunarsveitinni Kára að opna klifurvegginn. Starfsfólk og íbúar á svæðinu hafa sótt vel í klifrið í haust og höfum við að jafnaði opið 3-5 skipti í viku. Courtney var með krakkaklifrið frá áramótum fram á sumarið. Mery tók svo aftur við krakkaklifrinu og börnin klifra að jafnaði einu sinni í viku.

Vakin hefur verið athygli á því að Káraskjól er ekki boðlegur staður til íþróttaiðkunar til lengri tíma og því hefur sveitarfélagið Hornafjörður ákveðið að setja inn í fjárhagsáætlun sína þarfagreiningu á íþróttamannvirki/fjölnotahús í Öræfum, en þangað getur klifurveggurinn vonandi flutt einn daginn.

Eins er sveitastjóri spenntur fyrir áformum KFÖ um fjallskála á Sandfelli. VJP tekur upp vinnu um stjórnunar og verndaráætlun á Sandfelli í janúar og því má búast við áframhaldandi vinnu varðandi skálann á nýju ári.

Ekki fékkst styrkurinn frá SASS sem sótt var um þar sem að SASS styrkir ekki starf íþróttafélaga. ATH við næstu umsóknir þangað.

Félagið keypti tvö barna heilbelti til notkunar á klifurnámskeiðum.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Vísir

Ungmennafélagið Vísir var endurvakið á aðalfundi 15. Apríl 2022, á 110. aldursári. Ágætis mæting var á fundinn, þ.á.m. stjórnarmenn frá USÚ. Eftirtalin voru kjörin í stjórn:

Bjarni Malmquist Jónsson – formaður, Atli Már Björnsson – ritari og Selma Björt – gjaldkeri.

Til vara vor kjörin: Ingi Steinn Þorsteinsson, Aðalbjörg Bjarnadóttir og Bjarni Haukur Bjarnason

Spilaður var fótbolti á sunnudagskvöldum í Hrollaugstöðum í sumar líkt og síðastliðin sumur. Mæting var ágæt, að jafnaði um 15 í hvert skipti og samtals yfir 40 iðkendur sem komu að spila.

Vísir stóð fyrir spilakvöldi um jólin og svo jólaballi fyrir börn ásamt kvenfélaginu Ósk, yfir 70 manns mættu á samkomuna og voru allir glaðir með hve vel tókst til.

Félagið stendur nú í að opna félagsmiðstöð í gamla hluta félagsheimilisins í Hrollaugsstöðum og stendur til að koma þar upp aðstöðu fyrir pool/billiard, pílu og borðtennis.

Á 111. Afmælisdegi Vísis þann 8. Apríl næstkomandi mun félagið svo standa fyrir frjálssíþróttamóti innanhúss í Hrollaugsstöðum þar sem keppt verður frá 6 ára aldri upp í öldungaflokk í stökkum án atrennu, kúluvarpi, skutlukasti og spretthlaupi, hvetjum við sem flesta að mæta!

Ungmennafélagskveðjur

Bjarni Malmquist Jónsson - formaður Umf. Vísis

Skýrsla hafði ekki borist frá Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu þegar gengið var frá ársritinu

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.